

Rannsóknarrit nr. 6:

## **Úrtakskönnun meðal almennings haustið 2008**



Júní 2009

**Hjalti Jóhannesson**  
**Sigrún Sif Jóelsdóttir**



BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN  
ÍSLANDS



Þróunarfélag Austurlands



Byggðastofnun



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



## **Úrtakskönnun meðal almennings haustið 2008**

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 6

Júní 2009

Byggðarannsóknastofnun Íslands  
Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri,  
Sími 460-8900, Fax 460-8919  
Netfang: rha@unak.is  
Veffang: <http://www.rha.is>





# EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b>	<b>8</b>
<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR</b>	<b>9</b>
<b>EFNISTÖK OG FORSENDUR</b>	<b>13</b>
FORSENDUR OG AFMÖRKUN	13
GAGNAÖFLUN OG ÚRVINNSLA	16
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>21</b>
ÁHRIF Á BÚFERLAFLUTNINGA	21
VÆNTINGAR OG TRÚ Á JÁKVÆÐA ÞRÓUN BYGGÐARLAGSINS	23
EIGIN ÞÁTTTAKA Í FRAMKVÆMDUNUM	29
ÓBEIN ÞÁTTTAKA Í FRAMKVÆMDUNUM	31
ALMENN ÁHRIF Á MANNLÍF	35
BÚSETUÞÆTTIR	38
VIÐHORF TIL STÓRIÐJUFRAMKVÆMDANNA Á AUSTURLANDI	62
ÍBÚAÞRÓUN OG FASTEIGNAVERÐ	67
<b>HEIMILDIR</b>	<b>70</b>
<b>VIÐAUKI I</b>	<b>71</b>
<b>VIÐAUKI II</b>	<b>81</b>

## MYNDASKRÁ

Mynd 1.	Svæðaskipting í Austurlandskönnun III, haustið 2008. ....	15
Mynd 2.	Uppsafnað svarhlutfall í Austurlandskönnun III, haustið 2008. ....	18
Mynd 3.	Svæðisskipting í Austurlandskönnun III, haustið 2008.....	19
Mynd 4.	Áætlaður meðalaksturstími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að öllum þremur framkvæmdasvæðum.....	20
Mynd 5.	Áætlaður meðalaksturstími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að álverslód í Reyðarfirði. ....	20
Mynd 6.	Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?.....	21
Mynd 7.	Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára?.....	22
Mynd 8.	Hefur þú mikla eða litla trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum? Breyting milli febrúar 2003, nóvember 2004, febrúar 2007 og september 2008. Spurt á Austurlandi. ....	24
Mynd 9.	Hefur þú mikla eða litla trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum?.....	25
Mynd 10.	Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi? Breyting milli febrúar 2003, nóvember 2004, febrúar 2007 og september 2008.....	26
Mynd 11.	Hefur þú mikla eða litla trú á að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi bætt fjárhagslega afkomu þína?.....	27
Mynd 12.	Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði? Breyting milli feb. 2003, nóv. 2004, feb. 2007 og sept. 2008. ....	28
Mynd 13.	Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði? .....	29
Mynd 14.	Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Ég hef verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.....	30
Mynd 15.	Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði? .....	31
Mynd 16.	Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Fyrirtæki/adili sem ég vinn hjá hefur verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.....	32
Mynd 17.	Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Fyrirtæki/adili sem ég vinn hjá hefur verið að selja vörur/þjónustu til framkvæmdaaðila. ....	33
Mynd 18.	Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Nánir ættingjar mínir eða vinir hafa verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.....	34
Mynd 19.	Hvort telur þú, þegar á heildina er litið, að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og september 2008. ....	35
Mynd 20.	Hvort telur þú, þegar á heildina er litið, að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? ( Tau-c -,185, $\alpha= 0,000$ ) .....	36
Mynd 21.	Hvort telur þú að starfræksla álvers í Reyðarfirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 of september 2008 ( $\alpha= 0,000$ ). ....	37

Mynd 22.	Hvort telur þú að starfræksla álvers í Reyðarfirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? (Tau-c -,188, 0,000) .....	38
Mynd 23.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007.....	39
Mynd 24.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa? (Tau-c -,135, $\alpha= 0,000$ ) .....	40
Mynd 25.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008. 41	
Mynd 26.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar? (Tau-c ,111, $\alpha= 0,000$ ) .....	42
Mynd 27.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahag fjölskyldunnar? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008. ....	43
Mynd 28.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahag fjölskyldunnar? (Tau-c ,045, $\alpha= 0,000$ ) .....	44
Mynd 29.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á heilbrigðisþjónustu? Breyting milli nóvember 2004 febrúar 2007 og nóvember 2008.....	45
Mynd 30.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á heilbrigðisþjónustu? (Tau-c -,130, $\alpha= 0,000$ ).....	46
Mynd 31.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslífíð? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.....	47
Mynd 32.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslífíð? (Tau-c -,197, $\alpha= 0,000$ , N= 502) .....	48
Mynd 33.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á almennri verslun/þjónustu? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.....	49
Mynd 34.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á almennri verslun/þjónustu? (Tau-c -,191, $\alpha= 0,000$ ).....	50
Mynd 35.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með persónulegt öryggi? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007. ....	51
Mynd 36.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með persónulegt öryggi? .....	52
Mynd 37.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að háskólamenntun? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.....	53
Mynd 38.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að háskólamenntun? .....	54
Mynd 39.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að framhaldsskólamenntun? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.....	55
Mynd 40.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að framhaldsskólamenntun? (Tau-c ,101, $\alpha= 0,000$ ).....	56



Mynd 41.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með umhverfið? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008. ....	57
Mynd 42.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með umhverfið? (N=507).....	58
Mynd 43.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með menningarlífíð? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.....	59
Mynd 44.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með menningarlífíð? (Tau-c -,105, $\alpha = 0,004$ ) .....	60
Mynd 45.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með möguleika til að sinna tómstundum og áhugamálum? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008. ....	61
Mynd 46.	Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með möguleika til að sinna tómstundum og áhugamálum mínum? (Tau-c -,084 $\alpha = 0,000$ ).. ..	61
Mynd 47.	Hvort telur þú að íbúafjöldi í þínu byggðarlagi muni aukast, standa í stað eða dragast saman fram til ársins 2010 frá því sem nú er? (Tau-c ,115 $\alpha = 0,000$ ).....	67
Mynd 48.	Hvort telur þú að verð á íbúðarhúsnæði í þínu byggðarlagi muni hækka, standa í stað eða lækka fram til ársins 2010 frá því sem nú er? (Tau-c -,06 $\alpha = 0,005$ ) .....	68

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Jákvæðir þættir vegna stóriðjuframkvæmdanna.....	63
Tafla 2.	Neikvæðir þættir vegna stóriðjuframkvæmdanna.....	64
Tafla 3.	Jákvæðir þættir vegna starfrækslu álvers í Reyðarfirði.....	65
Tafla 4.	Neikvæðir þættir vegna starfrækslu álvers í Reyðarfirði.....	66



## INNGANGUR

Könnun sú sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu er einn verkþátta í rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknin er gerð á grundvelli þingsályktunar frá 2003 um að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarfélag Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á landsvæðinu þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Rannsóknin hófst árið 2004 og mun ljúka 2009. Rannsóknasvæðið er Austur- og Norðausturland en einnig litið til nokkurra lykilþátta, svo sem þróunar búsetu- og atvinnuhátta á landsvísu til samanburðar. Framkvæmd rannsóknarinnar hefur einkum verið í höndum starfsmanna Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) auk Þróunarfélags Austurlands en Byggðarannsóknastofnun Íslands hefur verið rekin í tengslum við fyrrnefndu stofnunina.

Úrtaksrannsóknir meðal íbúa er mikilvægur þáttur gagnaöflunar í rannsókninni. Sú úrtaksrannsókn sem hér er greint frá er sú þriðja og síðasta af þessum könnunum. Leitast var við að afla upplýsinga um breytingar á högum fólks, viðhorfum og upplifun á ýmsum þáttum er varða framkvæmdirnar. Með því móti fengust gögn um samfélagið og breytingar þess sem aðeins var hægt að afla meðan breytingarnar áttu sér stað.

Höfundar þessarar skýrslu eru Hjalti Jóhannesson landfræðingur við Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) og verkefnisstjóri rannsóknar á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi og Sigrún Sif Jóelsdóttir, sérfræðingur við RHA sem sá um tölfræðigreiningu. Þá aðstoðaði Kjartan Ólafsson, félagsfræðingur og lektor við úrtaksgerð og fleira. Aðrir starfsmenn RHA hafa komið að þessari rannsókn með aðstoð við útsendingu, móttöku gagna, skráningu og til samráðs.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR

Hér að neðan eru dregnar saman helstu niðurstöður þeirrar póstkönnunar sem fram fór meðal almennings haustið 2008, en hún er liður í rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunar á Austurlandi.

- Könnunin fór fram frá lokum september til byrjunar desember 2008 meðal fólks á aldrinum 22-67 ára. Dregið var lagskipt slembiúrtak og var endanlegt úrtak 4.008 manns af áhrifasvæði á Austurlandi og í Eyjafirði. Svör voru 1.438 og heildarsvörun því 35,9%. Vegna þessa dræma svarhlutfalls voru gögnin greind sérstaklega með það fyrir augum að greina mögulegar kerfisbundnar skekkjur. Engar vísbendingar fundust um slíkt og má því telja að úrtakið gefi nokkuð rétta mynd af rannsóknarþýðinu.
- Svörin voru greind eftir fimm svæðum. Þetta eru áhrifasvæði framkvæmdanna á Austurlandi og þrjú undirsvæði þess, þ.e. norðursvæði, miðsvæði (innan tveggja tíma aksturstíma frá framkvæmdasvæðum) og suðursvæði. Einnig var könnun þessi send til íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu.
- Þegar spurt var um væntingar til framtíðarþróunar byggðalagsins komu fram litlar breytingar frá síðustu könnun 2007. Um 79% svarenda hafa mjög eða fremur mikla trú á jákvæðri þróun byggðarlagsins á næstu árum. Í samanburði milli svæða kemur fram að bjartsýni hvað þetta varðar er minnst á suðursvæðinu.
- Þegar spurt var um trú svarenda á því hvort framkvæmdirnar hafi bætt fjárhagslega afkomu þeirra, kom fram að á áhrifasvæðinu í heild eru 38% sem hafa mjög eða fremur mikla trú á því. Hefur þeim heldur verið að fjölga frá árinu 2004. Þeir eru þó ekki jafn margir og 2003 þegar ritað var undir samninga um framkvæmdirnar og afar mikil bjartsýni ríkti. Samanburður milli svæða leiðir í ljós að það er fyrst og fremst á miðsvæðinu þar sem trú á þessi áhrif er mikil, 52% á móti 18% á norðursvæði og aðeins 14% á suðursvæðinu.
- Á áhrifasvæðinu hafa um þrír af hverjum 10 trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni af rekstri álvers í Reyðarfirði. Þetta hlutfall hefur verið að hækka frá 2004 en þá var það 22% en var þó mun herra um það

leyti sem samningar um framkvæmdirnar voru undirritaðir 2003 eða 37%. Þetta viðhorf er hins vegar afar staðbundið við miðsvæðið þar sem 42% hafa mjög eða fremur mikla trú á þessu, samanborðið við 12% á norðursvæði og 10% á suðursvæði.

- Rúm 30% fólks á miðsvæðinu tengjast stóriðjuframkvæmdunum með beinum hætti í gegnum vinnu sína. Þátttaka á öðrum svæðum í þessari könnun er á bilinu 10-11% sem verður í raun að teljast talsverð þátttaka.
- Á áhrifasvæðinu í heild töldu um 9% svarenda það mjög líklegt eða frekar líklegt að þeir myndu sækjast eftir vinnu við álverið. Á miðsvæðinu er hlutfall þeirra sem áforma að sækja þar um vinnu um 14% og hefur þetta lítið breyst milli kannana. Aðeins 1% á norðursvæði telur það mjög eða frekar líklegt og 4% á suðursvæði.
- Niðurstöður þriggja spurninga, um það sem kalla mætti óbein áhrif, benda til þess að áhrif af þessu tagi séu í langmestum mæli að koma fram á miðsvæðinu. Þetta varðar þátttöku fyrirtækja sem viðkomandi vinnur hjá eða þátttöku náinna vina eða ættingja í framkvæmdunum. Suðursvæðið er laustengdara framkvæmdunum að þessu leyti en norðursvæðið og jafnvel Eyjafjarðarsvæðið.
- Á miðsvæðinu eru um fjórir af hverjum fimm þátttakendum á þeirri skoðun að framkvæmdirnar hafi haft mjög eða frekar jákvæð áhrif á mannlíf í þeirra byggðarlögum. Á norðursvæðinu hefur þeim lítillga fjölgað frá 2007 sem telja að framkvæmdirnar hafi mjög eða frekar jákvæð áhrif á mannlífið en þetta er um helmingur svarenda þar. Á suðursvæðinu telur um fjórðungur að framkvæmdirnar hafi haft jákvæð áhrif á mannlíf. Þar eru líka hlutfallslega flestir sem telja að framkvæmdirnar hafi haft mjög eða frekar neikvæð áhrif á mannlíf í þeirra byggðarlögum eða um 15%.
- Hvað varðar fjölbreytni starfa komu fram athyglisverðar breytingar milli kannana 2004, 2007 og 2008. Á áhrifasvæðinu í heild segjast um 41% þátttakenda vera mjög eða frekar ánægðir með þennan þátt árið 2008. Ánægjan er mest á miðsvæðinu eða 47%. Heldur hefur slegið á ánægju með þennan þátt frá síðustu könnun, 2007. Þetta bendir til

Þess að væntingar með þennan þátt hafi e.t.v. verið heldur miklar á miðsvæðinu. Ánægja með þessa hluti er meiri á Eyjafjarðarsvæðinu.

- Þeim sem eru mjög eða frekar ánægðir með atvinnutekjur sínar fjölgaði á miðsvæðinu milli kannana 2004 og 2007 en lítið breyttist síðan til 2008. Þeim sem eru þessarar skoðunar fækkar á norðursvæði en hins vegar fjölgar þeim á suðursvæði milli kannana 2007 og 2008 sem eru mjög eða frekar ánægðir.
- Ánægja með framboð á heilbrigðisþjónustu hefur að einhverju leyti jafnast út frá því að könnunin var gerð 2007. Ánægja hefur aukist á mið- og suðursvæðum. Eftir sem áður er mest ánægja með þennan þátt á norðursvæði, líklega vegna nálægðar við Akureyri.
- Hvað varðar ánægju með félagslífíð á miðsvæðinu má segja að aðeins rétti úr kútnum 2008. Litlar breytingar verða hins vegar á norður- og suðursvæði allt tímabilið 2004-2008. Svipaðar niðurstöður má sjá hvað varðar afstöðu til menningarlífsins.
- Athyglisvert er að í könnuninni 2008 er ánægja með almenna verslun og þjónustu orðin mjög svipuð á öllum svæðum. Mjög eða frekar ánægðir eru á bilinu 56-57%. Mun meiri munur var milli svæða í könnun 2007 þar sem ánægjan var langmest á miðsvæði og langminnst á suðursvæðinu.
- Á öllum svæðum er mikil ánægja með persónulegt öryggi, eða á bilinu 92-95% sem eru mjög eða frekar ánægðir. Þetta hefur sáralítið breyst milli kannana sem er athyglisvert, t.d. í ljósi mannfjölgunar og aukinnar umferðar meðan framkvæmdir stóðu sem hæst.
- Ánægja með aðgengi að háskólamenntun er áberandi minni á miðsvæðinu en suður- og norðursvæðum. Hvað varðar aðgengi að framhaldsskólamenntun er ánægjan almennt mikil en þó sínu mest á suðursvæðinu sem að þessu leyti er áþekkt Eyjafjarðarsvæðinu.
- Athyglisverð er sú niðurstaða að ekki er að sjá að framkvæmdirnar, og sú umhverfissröskun sem þeim fylgir, valdi því að íbúarnir sjálfir upplifi breytingu til hins verra. Ánægja með umhverfið hefur lítið breyst milli

kannana en er þó ívið meiri á norðursvæðinu en hinum tveimur svæðunum.

- Hvað varðar ánægi eða óánægi með möguleika til að sinna tómsundum og áhugamálum kom í ljós að lítil sem engin breyting verður á áhrifasvæðinu á tímabilinu 2004-2008.



## EFNISTÖK OG FORSENDUR

### Forsendur og afmörkun

Í verkáætlun um rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi (Byggðarannsóknastofnun Íslands, 2004) var ráðgert að framkvæma þrjár almennar úrtakskannanir (árin 2004, 2006 og 2008). Könnunin árin 2004 og 2008 var fyrst og fremst ætlað að mæla tiltekna þætti á næsta áhrifasvæði framkvæmdanna en könnunin árið 2006 skyldi fara fram á landsvísu. Þeirri könnun seinkaði í framkvæmd og fór fram í upphafi árs 2007. Síðasta könnun fór fram í lok ársins 2008 til að hún næði sem lengst inn í rekstrartíma álversins og fjallar þessi skýrsla um þá könnun.

Efnislega afmarkast viðfangsefni könnunarinnar, líkt og rannsóknarverkefnisins í heild, við athugun á samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Þannig er rannsóknarsviðið nokkuð víðfeðmt. Könnunin tekur til framkvæmdatíma hvað varðar Kárahnjúkavirkjun og rekstrartími álversins í Reyðarfirði er kominn á annað ár þar sem framleiðsla þar hófst vorið 2007 (Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason, 2007). Landfræðileg afmörkun könnunarinnar er sambærileg við þá sem gerð var 2004 að öðru leyti en því að hér hefur Eyjafjarðarsvæðinu verið bætt við til að bera saman við áhrifasvæðið í rannsókninni. Einnig var markmiðið að gera grunnmælingu á þeim þáttum sem þessi rannsókn tekur til, á öllu áhrifasvæði mögulegs álvers eða annarrar atvinnustarfsemi við Húsavík sem nýtti orku háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslu.

### ***Afmörkun í tíma***

Í stóriðjuframkvæmdum er um að ræða tvenns konar ólík tímabil. Annars vegar er framkvæmdatími sem stóð fram til 2008 í tilviki framkvæmdanna á Austurlandi, þ.e.a.s. meðan verið er að reisa mannvirkin. Hins vegar er um að ræða tímabilið þegar framkvæmdum er að fullu lokið, u.þ.b. frá 2009 þegar Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði komin í fullan rekstur. Þetta köllum við rekstrartíma. Þessi tímabil skarast venjulega að einhverju leyti því unnt er að hefja rafmagns- og álframleiðslu áður en byggingaframkvæmdum er að fullu lokið.

Unnt var að hefja framleiðslu áls í takmörkuðum mæli í aprílbyrjun 2007 og segja má að það marki upphaf rekstrartíma álversins. Formlegur rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst 2. apríl 2007 og formleg gangsetning hennar með fullum afköstum var 30. nóvember 2007. Öll mannvirki Kárahnjúkavirkjunar voru síðan komin í gagnid 16. desember 2008. Sú könnun sem hér er gerð grein fyrir er því hin fyrsta í rannsókninni sem mælir viðhorf almennings á rekstrartíma álvers og virkjunar.

### **Landfræðileg afmörkun**

Áhrifasvæði framkvæmdanna við álver Alcoa Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjun nær langt út fyrir Austurland hvað varðar samfélags- og efnahagslega þætti. Þessi áhrif virða ekki nema að litlu leyti sveitarfélagamörk, kjördæmi eða landamæri. Staðsetning mannvirkja hefur þó áhrif á hvar og með hvaða hætti áhrifa gætir. Þá skiptir miklu hvaðan fyrirtæki sem annast tiltekna verkþætti koma og hvar starfsmenn við framkvæmdirnar eru búsettir.

Í þessari rannsókn hefur glögglega komið í ljós að áhrifin eru talsvert staðbundin við Mið-Austurland (miðsvæðið í þessari rannsókn). Er það meðal helstu niðurstaðna í fyrstu og annarri áfangaskýrslu í þessari samfélagsrannsókn (Kjartan Ólafsson, ritstj., (2006) og Hjalti Jóhannesson, ritstj. (2007).

Aðferðum við svæðisskiptingu í rannsókninni var ítarlega lýst í áfangaskýrslu 1 (Kjartan Ólafsson o.fl., 2006). Í upphafi var ákveðið að miða áhrifasvæði framkvæmdanna við áætlaða jafngildisfjarlægð frá þeim til norðurs miðað við vegalengdina til Hornafjarðar í suðri sem hefð var fyrir að telja til Austurlands<sup>1</sup>. Reikna þurfti með að megin framkvæmdasvæðin eru þrjú; þ.e. stíflusvæðið við Fremri Kárahnjúk, stöðvarhúsið í Fljótsdal og álverið í Reyðarfirði). Þá þurfti að taka tillit til þess að um mismunandi leiðir er að velja eftir því hvort farið er að vetri eða sumri (auk þess koma til vegabætur og styttingar leiða á framkvæmdatímanum).


Ákveðið var að skipta áhrifasvæðinu í þrjú undirsvæði:

---

<sup>1</sup> Þetta hefur reyndar breyst á tíma könnunarinnar og raunar fyrir þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrir Suðurkjördæmi frá kjördæmabreytingunni 1999. Þá yfirgaf sveitarfélagið Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haustið 2008 og gekk inn í Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um áramótin 2008-09.

- **Norðursvæði.** Það er svæði utan tveggja tíma fjarlægðar frá framkvæmdasvæðunum og til norðurs þar til sömu fjarlægð er náð og er til Hafnar í Hornafirði<sup>2</sup>.
- **Miðsvæði.** Svæðið sem er innan tveggja tíma akstursfjarlægðar frá framkvæmdasvæðunum.
- **Suðursvæði.** Svæði sem er utan tveggja tíma fjarlægðar í suður frá framkvæmdasvæðunum, til og með Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í þessari könnun, haustið 2008 var ákveðið að skoða einnig áhrif á Eyjarfjarðarsvæðinu sem hefur Akureyri sem miðpunkt og er áhugavert að nota til samanburðar við þróun samfélagsins á áhrifasvæðinu.



Mynd 1. Svæðaskipting í Austurlandskönnun III, haustið 2008.

### ***Afmörkun áhrifapátta***

Ljóst er að tiltekin svið samfélagsins verða fyrir áhrifum umfram önnur. Áhrifin eru háð nálægð við framkvæmdirnar í tvennum skilningi. Annars vegar vegna

<sup>2</sup> Norðursvæðið innifelur því Þingeyjarsveit og nær að Eyjarfjarðarsvæðinu í vestri.

*landfræðilegrar nálægðar* en þau áhrif skapast til dæmis vegna umsvifa framkvæmda- aðila á virkjanasvæðum og lóð álversins, vegna flutnings á varningi og ferða starfsfólks til og frá vinnu. Hins vegar er um að ræða svokallaða *félagslega nálægð* þar sem sumir eru í miklum samskiptum við framkvæmdaaðilana eða jafnvel beinir þátttakendur í verkefninu án þess að vera endilega í mikilli landfræðilegri nálægð en samgöngur og efnahagsleg tengsl skipta þarna miklu máli. Í þessari rannsókn hefur verið miðað við að unnt verði að merkja áhrif á eftirtalin svið: efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna, vinnumarkað, mannfjölda og búsetuþróun, starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra, húsnæðismál, þjónustu almennt, opinbera þjónustu, nýtingu lands og auðlinda, ferðaþjónustu og á lífsstíl fólks.

Þetta eru sömu þættir og til athugunar voru við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar (Kjartan Ólafsson, Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2001) og svipað og miðað var við í sambærilegu mati á umhverfisáhrifum álversins. Því er eðlilegt að þessi rannsókn sem ætlað er að fylgjast með samfélagsþróun samhliða stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi styðjist við sambærilega afmörkun áhrifaþátta.

## Gagnaöflun og úrvinnsla

Í rannsóknaráætluninni var gert ráð fyrir að úrtakskannanir gætu orðið grundvöllur að samanburði milli upphafs og loka framkvæmdatímans og á miðju tímabilinu. Farin var sú leið að draga nýtt úrtak í hverri könnun fyrir sig.

### ***Þýði***

Við skilgreiningu þýðisins þurfti að taka mið af því að rannsókninni er bæði ætlað að mæla tiltekna þætti á þeim tíma sem könnunin er gerð sem og að varpa ljósi á þróun tiltekkinna þátta milli árána 2004, 2007 og 2008. Með þetta í huga var við það miðað 2004 að þátttakendur í könnuninni yrðu að sem stærstum hluta enn þátttakendur á vinnumarkaði þegar könnunin 2008 yrði gerð. Því voru efri aldursmörk þýðisins í könnuninni 2004 dregin við 62 ára aldur og einstaklinga sem fæddir eru árið 1942 eða síðar. Neðri aldursmörk voru dregin við 18 ára aldur þar sem yngri einstaklingar hafa í flestum tilvikum mjög litla reynslu af vinnumarkaði og takmarkaðar forsendur til að svara mörgum þeim spurningum sem mikilvægast þótti að fá svör við í könnuninni. Í könnun voru

2007 var því ákveðið að miða aldursmörk þýðisins við 18-65 ára aldur, þ.e. fólk á virkum vinnualdri. Í þessari síðustu könnun er miðað við aldursbilið 22-67 ára.

## **Úrtak**


Við drátt úrtaks var ákveðið að lagskipta því eftir þeim fjórum landsvæðum sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Upphaflegt úrtak rannsóknarinnar var slembiúrtak fólks á aldrinum 22–67 ára sem búsett var á þessum svæðum 1. september árið 2008, samtals 4.200 einstaklingar. Af þeim reyndust 5 einstaklingar of veikir til að geta tekið þátt, 150 tókst ekki að staðsetja, 33 voru fluttir af svæðinu. Upplýsingar bárust um 4 sem ekki gátu svarað vegna tungumálaörðugleika en vísbendingar eru um að mun fleiri hafi ekki getað tekið þátt vegna tungumálaörðugleika. Endanlegt úrtak varð því 4.008 einstaklingar.

## **Framkvæmd og heimtur**

Könnunin var póstlögð 29. september 2008 til þeirra sem lent höfðu í úrtakinu og bárust fyrstu svörin 1. október. Ítrekunarbref var sent þátttakendum tveimur vikum síðar eða þann 10. október, önnur ítrekun og nýr spurningalisti var sendur út þann 24. október. Enn var ítrekað 10. og 28. nóvember. Með þessu móti tókst að fá 1.438 svör eða sem svarar 35,9% endanlegs úrtaks sem var lægra svarhlutfall en að var stefnt. Meginþorri (90%) þeirra spurningalista sem bárust til baka skiluðu sér fyrir 20. nóvember en svör bárust þó allt til 5. janúar 2009.

Í nokkrum tilvikum sendu þátttakendur spurningalistann óútfylltan til baka eða með athugasemdum um að viðkomandi vildu ekki svara listanum, alls voru þessi tilvik 60 talsins. Við framkvæmdina kom fram að mikill fjöldi útlendinga skráður með íslenskt heimilisfang olli nokkrum vandkvæðum, svörun meðal þessa hóps virðist hafa verið hlutfallslega mjög lítil.



Mynd 2. Uppsafnað svarhlutfall í Austurlandskönnun III, haustið 2008.






## Úrvinnsla

Þessi könnun notaðist að mestu leyti við sömu spurningar og notaðar voru 2004 og 2007. Markmið þessara kannana var ekki einungis að meta tiltekna þætti á ákveðnum tímapunkti heldur einnig að vera grundvöllur til samanburðar og greiningar síðar á rannsóknartímanum. Þannig eru ýmsar spurningar nokkurs konar bakgrunnsmælingar sem ætlað er að varpað geti ljósi á stöðu og þróun mála yfir rannsóknartímann og til þess að greina mismun milli svæða og samfélagshópa.

Úrvinnslan hér tekur mið af því. Þannig er í þessari skýrslu birt þrenns konar greining. Í skýrslunni sjálfri eru reifaðar helstu niðurstöður um þá þætti sem ætla má að skipti mestu á fyrrihluta framkvæmdatímans. Í viðauka við skýrsluna er að annars vegar að finna yfirlit um dreifingu svara við nær öllum fjölvalsspurningum í könnuninni eftir kynferði, aldri, búsetu og menntun og hins vegar yfirlit um orðalag spurninga og uppsetningu spurningalistans. Þessu er ætlað að gefa sem besta mynd af því hvaða möguleikar til greiningar felast í gögnunum umfram það sem er að finna í meginmáli þessarar skýrslu. Verður þessi gagnagrunnur og gagnagrunnar úr fyrri könnunum tveimur gerðir aðgengilegir til frekari úrvinnslu.


Við greiningu gagnanna er notast við eftirfarandi svæðisskiptingu. Í fyrsta lagi er um að ræða greiningu eftir þremur svæðum Austurlands, það sem í heild er kallað áhrifasvæði framkvæmdanna og einnig eru svör greind fyrir

Eyjafjarðarsvæðið. Ástæðan fyrir að greina einnig svör fyrir Eyjafjarðarsvæðið er einkum tvíþætt. Í fyrra lagi til þess að fá samanburð við fjölmennasta svæði landsbyggðarinnar enda sé markmiðið með framkvæmdunum meðal annars það að efla áhrifasvæðið og þannig í raun leitast það við að sveigja samfélagslega þróun þess í þá átt. Einnig var markmiðið að gera grunnmælingu á þeim þáttum sem könnunin nær til á öllu áhrifasvæði hugsanlegrar orkunýtingar við Húsavík sem er allt Norðurland eystra sem fellur einnig saman við svæðisskiptingu í gögnum Hagstofu Íslands.

-  **Norðursvæði** (utan tveggja tíma aksturs frá framkvæmdasvæðum)
-  **Miðsvæði** (innan tveggja tíma aksturs frá framkvæmdasvæðum)
-  **Suðursvæði** (utan tveggja tíma aksturs frá framkvæmdasvæðum)
-  **Árhifasvæðið sem heild**
-  **Eyjafjarðarsvæði**


**Mynd 3. Svæðisskipting í Austurlandskönnun III, haustið 2008.**

Í þessari könnun er áherslan á samanburð milli svæðanna þriggja á áhrifasvæðinu innbyrðis og gagnvart Eyjafjarðarsvæðinu, svo og á þær breytingar sem hafa átt sér stað milli kannana 2004, 2007 og 2008.



**Mynd 4.** Áætlaður meðalakstur tími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að öllum þremur framkvæmdasvæðum.

Myndin hér að ofan sýnir áætlaðan meðal akstur tíma frá framkvæmdasvæðunum þremur og myndin að neðan sýnir meðal akstur tíma frá álverslóðinni í Reyðarfirði.




**Mynd 5.** Áætlaður meðalakstur tími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að álverslóð í Reyðarfirði.



## NÍÐURSTÖÐUR

### Áhrif á búferlaflutninga

Til að meta áhrif framkvæmdanna á búferlaflutninga voru þátttakendur í könnuninni spurdir að eftirfarandi: *Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?* Þannig er verið að athuga hvort framkvæmdirnar hafi haldið aftur af fólki hvað flutninga varðar. Í boði var að merkja við þrjá valmöguleika sbr. myndina hér að neðan. Í ljós kom að tæplega 20% fólks á áhrifasvæðinu höfðu íhugað flutninga alvarlega og var lítil munur á svæðunum hvað þetta varðar, bæði innibyrðis og í samanburði við Eyjafjarðarsvæðið.




**Mynd 6.** Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?

Þegar litið er til kannananna sem gerðar voru á áhrifasvæðinu haustið 2004 og á landinu öllu 2007 kemur í ljós að lítinn munur er að sjá á milli þessara kannana, þ.e. hvað varðar íbúa áhrifasvæðisins alls.

Til að meta m.a. hvort stóriðjuframkvæmdirnar gætu mögulega valdið nokkurskonar innri byggðaröskun á rannsóknarsvæðinu með samþjöppun mannfjöldans á miðsvæðinu voru þátttakendur í könnuninni spurdir að eftirfarandi: *Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára? Þriggja ára viðmiðunartíminn var ekki síst valin með tilliti*

til þess að Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hefur notað þessa sömu spurningu í könnunum víða annarsstaðar á landinu sem gefur möguleika á samanburði við niðurstöður þeirra. Þegar lítið er á landið í heild sést að um fimmtungur telur það annað hvort mjög eða frekar líklegt að hann eða hún muni flytja frá því byggðarlagi þar sem viðkomandi býr. Þetta hlutfall er því lægra á áhrifasvæðinu á Austurlandi og Eyjafjarðarsvæðinu.



**Mynd 7. Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára?**

Miðað við fyrstu könnunina, 2004 hefur þeim heldur fækkað á áhrifasvæðinu sem heild sem telja flutninga líklega 14% í stað 18% nú. Einna helst er að sjá breytingu á norðursvæði þar sem færri telja flutninga líklega, 8% í stað 20% nú. Innbyrðis röðun svæðanna hefur breyst nokkuð. Þannig eru nú hlutfallslega fleiri á miðsvæðinu sem gætu hugsað sér til hreyfings miðað við kannanir 2004 og 2007. Miðað við spár um tilflutning fólks í tengslum við framkvæmdirnar virðast þessar niðurstöður þó ekki benda til stórra breytinga á áformum fólks hvað búferlaflutninga varðar. Miðað við áhyggjur sem fram hafa komið um mögulega innbyrðis búsetubreytingar á svæðinu geta þessar niðurstöður tæplega rennt stöðum undir þær.

Tvennt þarf einnig að hafa í huga þegar þessar tölur eru túlkaðar. Annars vegar var efnahagsástand í afar mikilli óvissu þegar könnunin fór fram og eftir litlu að


slægjast á megin áfangastað í búferlaflutningum innanlands, þ.e. höfuðborgarsvæðinu. Í annan stað er hér um skilyrta spurningu að ræða þar sem viðkomandi er spurður um hvað hann eða hún telji að geti mögulega gerst í framtíðinni. Ekki er hægt að slá því föstu að þeir sem svara spurningunni játandi hafi uppi ákveðin áform um búferlaflutninga heldur fremur að þeir telji líklegt að til þess kunní að koma. Alþekkt er að svör við spurningum af þessu tagi hafa ekki endilega beint forspárgildi um framtíðarhegðun viðkomandi einstaklinga. Því má segja að rétt sé að túlka svör fólks við spurningunni um mögulega búferlaflutninga í framtíðinni öðrum þræði sem mat viðkomandi á möguleikum viðkomandi byggðarlags til að skapa íbúum þess viðunandi skilyrði til búsetu í framtíðinni og tengist þetta því umfjöllun um næsta atriði hér að neðan. Einnig má túlka t.d. svör um að útilokað sé að viðkomandi flytji frá ákveðnum stað sem ákveðna varðstöðu um byggðina og mætti líta á svör frá suðursvæðinu í því ljósi.

## Væntingar og trú á jákvæða þróun byggðarlagsins

Miklar væntingar voru bundnar við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi en þetta var þó ekki mælt markvisst áður en þær hófust. Þó eru til vísbendingar um þetta í spurningakönnun á vegum RHA sem fram fór í febrúar árið 2003 eða rétt tæpum mánuði áður en skrifað var undir samninga um framkvæmdirnar. Tekið var slembiúrtak fólks á aldrinum 18-80 ára í öllu Norðausturkjördæmi og þar með var unnt að fá upplýsingar um rannsóknarsvæðið að íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar undanskildum. Alls voru 252 svör í þessari könnun frá einstaklingum á svæði sem unnt er að bera saman við niðurstöður könnunar haustið 2004 og nú vorið 2007 (þ.e. af sama svæði og á sama aldri). Í þeim samanburði sem hér er gerður er því um að ræða sambærileg gögn. Í þeirri könnun var meðal annars spurt að eftirfarandi: *Hefur þú mikla eða litla trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum?* Niðurstaðan leiddi í ljós að 81% fólks sem þá var búsett á rannsóknarsvæðinu hafði mjög eða frekar mikla trú á jákvæðri þróun síns byggðarlags á komandi árum. Í könnuninni haustið 2004 hafði þetta hlutfall fallið í 76% sem er ekki raunveruleg minnkun ef miðað er við 95% öryggisstig<sup>3</sup>. Síðan breytast væntingarnar afar lítið samkvæmt könnunum 2007 og 2008.


---

<sup>3</sup> Munurinn er  $5 \pm 5,2$  prósentustig sem er rétt á mörkum þess að vera marktækt.




**Mynd 8. Hefur þú mikla eða litla trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum? Breyting milli febrúar 2003, nóvember 2004, febrúar 2007 og september 2008. Spurt á Austurlandi.**

Afar miklar breytingar hafa hins vegar orðið á trú á framtíðarþróunina á miðsvæðinu frá 2007. Þá höfðu um 45% íbúa á miðsvæðinu mjög mikla trú á að þeirra byggðarlag muni þróast með jákvæðum hætti á næstu árum sem var mun hærra hlutfall en á öðrum landsvæðum og mun hærra hlutfall en á norðursvæðinu og suðursvæðinu. Svipað var uppi á teningnum 2004 að miðsvæðið var með meiri bjartsýni. Í könnuninni 2008 ber hins vegar svo við að miðsvæðið sker sig ekki lengur frá öðrum svæðum. Þetta er athyglisverð breyting, hvað slær á þessar væntingar á miðsvæðinu. Suðursvæðið sker sig núna mikið úr með mjög litla trú á framtíðarþróun sem er athyglisvert í því ljósi að fimmti hver svarandi á því svæði kvað það alveg útilokað að hann myndi flytja frá sínu byggðarlagi innan næstu þriggja ára (mynd 7).




**Mynd 9. Hefur þú mikla eða litla trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum?**

Auk spurningarinnar um almenna trú á jákvæða þróun eigin byggðarlags hefur verið spurt 2003, 2004, 2007 og 2008 um væntingar um þróun eigin afkomu í stóriðjuframkvæmdunum með eftirfarandi hætti: *Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi?*



**Mynd 10. Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi? Breyting milli febrúar 2003, nóvember 2004, febrúar 2007 og september 2008.**

Í febrúar árið 2003 höfðu um 44% íbúa á rannsóknarsvæðinu mjög mikla eða fremur mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdirnar en haustið 2004 var þetta hlutfall komið niður í um 29%. Hins vegar jukust væntingar um bætta fjárhagslega afkomu aftur upp í um 36% árið 2007 og 38% 2008 þannig að þessi viðhorf virðast ná ákveðnu jafnvægi eftir miklar sveiflur í kringum upphaf framkvæmda.




**Mynd 11. Hefur þú mikla eða litla trú á að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi bætt fjárhagslega afkomu þína?**

Munur milli undirsvæða innan rannsóknarsvæðisins er hér með svipuðum hætti og áður. Þannig telja íbúar á miðsvæðinu sig að jafnaði mun líklegri til hafa öðlast fjárhagslegan ábata af framkvæmdunum en þeir sem búa á norður- og suðursvæðunum.

2004-2007 fjölgaði þeim um 11 prósentustig á miðsvæðinu (úr 15% í 26%) sem hafa mjög mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni vegna framkvæmdanna og er því engin breyting á því frá síðustu könnun. Samtals 52% svarenda á miðsvæðinu hefur mjög eða frekar mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir, sem er um 9 prósentustiga aukning frá 2004. Á norðursvæðinu hefur mjög mikil eða frekar mikil trú á bætta fjárhagslega afkomu aukist úr 11% í 18%. Á suðursvæðinu hefur lítil breyting orðið þar sem þeim sem hafa mjög eða frekar mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni, hefur fækkað úr 17% í 14%. Þetta bendir til þess að bæði suður- og norðursvæði hafi ekki mikil tengsl við framkvæmdirnar. Megin niðurstaðan, hvað þessa spurningu varðar, er því sú að þessi áhrif, þ.e. að fólk eigi von á betri fjárhagslegri afkomu af framkvæmdunum, eru mjög staðbundin við miðsvæðið.

Þegar fólk var spurt *hvort það hefði mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði* kemur fram svipuð breyting milli ára


2003, 2004, 2007 og 2008 sem sást í spurningunni hér að framan. Þannig höfðu 37% svarenda á Austurlandi mjög mikla eða fremur mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu í tengslum við starfrækslu álfersins. Þetta hlutfall lækkaði mjög milli 2003 og 2004 eða úr 37% niður í 22%. Þetta hækkaði síðan í 28% 2007 og stendur nánast í stað núna 2008. Þetta bendir til þess að væntingarnar hafi að þessu leyti verið afar miklar fyrir framkvæmdirnar en hafi síðan komist í meira jafnvægi, líklega eftir því sem fólk er upplýstara um hvert verður líklegt atvinnusóknarsvæði álfersins og hvernig önnur afleidd störf og áhrif þróast í kringum rekstur þess.



**Mynd 12. Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álfers í Reyðarfirði? Breyting milli feb. 2003, nóv. 2004, feb. 2007 og sept. 2008.**

Líkt og áður eru það íbúar á miðsvæðinu sem vænta áhrifa í mun ríkari mæli en íbúar á norður- og suðursvæðum. Munurinn á milli svæðanna er afgerandi en hann hefur lítið sem ekkert breyst frá síðustu könnun 2007. Utan miðsvæðisins er í raun afar lágt hlutfall svarenda sem trúir að fjárhagsleg afkoma þeirra batni vegna rekstrar álfersins.






**Mynd 13. Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði?**

Á miðsvæðinu hefur þeim fjölgað aðeins sem hafa mjög mikla eða fremur mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni vegna reksturs álversins. Um 42% svarenda á miðsvæði eru á þessari skoðun haustið 2008 í stað 35% haustið 2004. Helsta breytingin frá 2004 er því sú að þeim sem hafa mjög mikla trú á bættri afkomu hefur fjölgað á miðsvæðinu um þessi 7 prósentustig og þetta gefur vísbendingar um að trú fólks sé að styrkjast á því að þar muni þessi áhrif þjappast saman. Fólk virðist farið að gera sér æ betur grein fyrir því í hverju áhrif af rekstri álversins verða einkum fólgin.

## Eigin þátttaka í framkvæmdunum

Til að mæla eigin aðkomu þátttakenda að stóriðjuframkvæmdunum voru þeir beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Ég hef verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar“. Sé þessu svarað játandi má túlka það á þann veg að þetta séu einstaklingar sem séu í beinum tengslum við framkvæmdirnar í gegnum vinnu sína. Ef svör við þessari spurningu eru greind eftir svæðum má sjá að rúm 30% fólks á miðsvæðinu sem er á aldrinum 22-67 ára tengjast stóriðjuframkvæmdunum með beinum hætti í gegnum vinnu sína. Þátttaka á öðrum svæðum í þessari könnun er á bilinu 10-11% sem verður í raun að teljast talsverð þátttaka.


Þessi áhrif eru þó um þrefalt meiri á miðsvæðinu og áhrifin því ekki ólík því sem áður hefur komið fram sbr. svörin við spurningum hér að framan og væntanlegan fjárhagslegan ávinning af framkvæmdunum.



**Mynd 14. Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Ég hef verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.**

Frá könnuninni 2004 má einkum sjá þá breytingu á miðsvæðinu að mun fleiri segja þessa fullyrðingu eiga mjög vel við um sig eða 21% í stað 11% árið 2004. Þannig er niðurstaðan hvað þennan þátt orðin afdráttarlausari en áður eins og gildir reyndar um fleiri þætti í þessari könnun. Þetta kemur þó alls ekki á óvart þar sem tækifæri hafa gefist til þátttöku í þau 4 ár sem liðu milli kannana.

Því næst hafa þátttakendur verið spurðir hvort þeim þætti það líklegt eða ólíklegt að þeir myndu *sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði*. Á áhrifasvæðinu á Austurlandi töldu um 9% svarenda það mjög líklegt eða frekar líklegt að þeir myndu sækjast eftir vinnu við álverið. Á miðsvæðinu er hlutfall þeirra sem áforma að sækja þar um vinnu að sjálfsögðu mun hærra en annarsstaðar, eða um 14% og hefur þetta lítið breyst milli kannana. Áhuginn er mun minni á norður- og suðursvæðum og ekki mikill munur milli þeirra svæða að þessu leyti. Áhuginn er enn minni á Eyjafjarðarsvæðinu og telja tæp 60% það alveg útilokað á móti um helmingi svarenda á suður- og norðursvæði.



**Mynd 15. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði?**


Þetta er mjög svipaðar niðurstöður og í könnunum 2004 og 2007. T.a.m. er nánast sama hlutfall á miðsvæðinu sem telur þetta mjög líklegt eða frekar líklegt.

Ljóst er að bein þátttaka í framkvæmdunum eins og hún birtist í svörum við spurningunum hér að ofan er mjög staðbundin og kemur það ekki á óvart. Bein þátttaka er langmest á miðsvæðinu. Ekki er auðvelt að sjá af þessu vísbendingar um þau ruðningsáhrif og tilflutning fólks inn á miðsvæðið sem spáð var fyrir um áður en framkvæmdirnar hófust (Nýsir hf., 2001 og Skipulagsstofnun, 2001). Svarendur af suður- og norðursvæðum sýna ekki mikinn áhuga á að sækjast eftir störfum við álverið sem kunna að bjóðast. Frá könnun 2007 hefur áhuginn minnkað á suðursvæði en þá töldu 7% það líklegt samanborið við 4% nú, ekki er þó ólíklegt að það tengist því að þá voru ráðningar í fullum gangi en nú er sá tími um garð genginn.

## Óbein þátttaka í framkvæmdunum

Spurt var um óbeina þátttöku í framkvæmdunum, s.s. um þátttöku fyrirtækja sem viðkomandi vinnur hjá og um þátttöku náninna ættingja. Þetta varðar því bæði „efnahagslega-“ og „félagslega nálægð“ við framkvæmdirnar. Svör við fullyrðingunni „Fyrirtæki/ aðili sem ég vinn hjá hefur verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar“ leiðir í ljós að slík áhrif eru einnig mjög staðbundin við

miðsvæðið. Á miðsvæðinu eru 38% svarenda sem segja að slíkt eigi frekar eða mjög vel við sig. Það svæði sem kemst næst miðsvæðinu í þessu er Eyjafjarðarsvæðið en þar segja 18% þátttakenda þetta eiga mjög eða frekar vel við í þeirra tilviki. Þetta er í samræmi við könnunina 2007 en þá kom fram að þátttaka af þessu tagi var næst mest á höfuðborgarsvæðinu á eftir miðsvæðinu. Þetta kemur auðvitað ekki á óvart og sýnir hvað áhrifa framkvæmda á fjarlægum landsvæðum gætir á höfuðborgarsvæðinu vegna yfirburða þess í efnahagslegum skilningi.




**Mynd 16. Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Fyrirtæki/aðili sem ég vinn hjá hefur verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.**

Líkar niðurstöður eru við fullyrðingunni „Fyrirtæki/ aðili sem ég vinn hjá hefur verið að selja vörur/þjónustu til framkvæmda aðila“. Áhrif af þessum toga eru samkvæmt þessu verulega bundin við miðsvæðið en þar eru um 38% svarenda sem segja að þetta eigi mjög eða frekar vel við í sínu tilviki. Eyjafjarðarsvæðið kemur þarna á eftir þar sem um 18% telja að þetta eigi mjög eða frekar vel við í sínu tilviki, en 10% og 13% á suður- og norðursvæðum.


Árið 2007 voru 18% svarenda á áhrifasvæði Reykjavíkur þessarar skoðunar og 15% á Eyjafjarðarsvæðinu. Annarsstaðar á landinu var þetta hlutfall lægra. Utan miðsvæðisins eru því svona áhrif í meira mæli merkjanleg á helstu þéttbýlis-

svæðum landsins, líklega vegna þess að þar er meiri fjölbreytni í fyrirtækjaflórunni og þjónustugetan meiri.



**Mynd 17. Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Fyrirtæki/aðili sem ég vinn hjá hefur verið að selja vörur/þjónustu til framkvæmdaaðila.**

Næsta spurning varðar vinnu náinna ættingja eða vina við framkvæmdirnar, þ.e. í raun mæling á félagslegri nálægð. Áfram er það á miðsvæðinu sem þessi áhrif eru mest áberandi.




**Mynd 18. Hversu vel eða illa á eftirfarandi fullyrðing við um þig? Nánir ættingjar mínir eða vinir hafa verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.**

Þeir eru samtals 60% á miðsvæðinu sem segja þetta eiga mjög eða frekar vel við í sínu tilviki. Næst best á þetta við um svarendur á norðursvæðinu þar sem 42% segja þetta eiga mjög eða frekar vel við í sínu tilviki. Athyglisvert er hve suðursvæðið er laustengdara framkvæmdunum að þessu leyti (28%) þrátt fyrir að vera skilgreint á sama hátt og norðursvæðið hvað varðar fjarlægð frá framkvæmdunum. Þetta er í raun dæmi um félagslega nálægð við framkvæmdirnar og hún virðist því meiri á norðursvæðinu en suðursvæðinu. Þetta kemur ekki á óvart þegar horft er til ýmissa atriða s.s. breytinga á stöðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar í samstarfi sveitarfélaga og gagnvart kjördæmskipan. Engin veruleg breyting er á þessari niðurstöðu frá könnun 2007.

Samandregið benda niðurstöður þessara þriggja spurninga, um það sem kalla mætti óbein áhrif, til þess að áhrif af þessu tagi séu í miklum mæli að koma fram á miðsvæðinu. Könnun 2007 leiddi í ljós að áhrif koma einnig fram á helstu þéttbýlissvæðum landsins þótt fjar liggji, þ.e. höfuðborgarsvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu eins og reyndar er staðfest í þessari könnun nú. Þetta kemur ekki á óvart þar sem sérhæfðari og stærri fyrirtæki eru gjarnan staðsett á þessum svæðum sem hafa meiri möguleika á að taka þátt í framkvæmdunum. Athygli vekur að suðursvæðið virðist vera heldur afskiptara hvað þessi áhrif varðar en norðursvæðið.

## Almenn áhrif á mannlíf

Á mjög almennan hátt voru þátttakendur beðnir um að meta *hvort þeir teldu að þegar á heildina væri litið, að stóriðjuframkvæmdirnar hefðu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi?*




**Mynd 19.** Hvort telur þú, þegar á heildina er litið, að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og september 2008.

Afar litlar breytingar eiga sér stað hvað þennan þátt varðar milli kannana 2007 og 2008. Á miðsvæðinu eru stöðugt um fjórir af hverjum fimm þátttakendum á þeirri skoðun að framkvæmdirnar hafi haft mjög eða frekar jákvæð áhrif í þeirra byggðarlögum. Á norðursvæðinu hefur þeim lítillega fjölgað sem telja að framkvæmdirnar hafi mjög eða frekar jákvæð áhrif í byggðarlagi en þetta er um helmingur svarenda þar. Á suðursvæðinu eru hlutfallslega flestir sem telja að framkvæmdirnar hafi haft mjög eða frekar neikvæð áhrif, aðeins hefur þó fækkað í þessum hópi frá könnun 2007.

Samanburður á svörum við þessari spurningu eftir svæðum 2008 sýnir að um 40% svarenda hefur trú á mjög eða frekar jákvæðum áhrifum af framkvæmdunum á mannlíf í sínu byggðarlagi. Þetta er nánast sama niðurstaða og 2007 en þá kom Eyjafjarðarsvæðið næst á eftir norðursvæðinu að þessu leyti. Til samanburðar eru aðeins 24% þessarar skoðunar á suðursvæðinu. Þessi svör

benda til þess að tengsl Eyfirðinga við framkvæmdirnar hafi verið talsverð og viðhorf gagnvart þeim fremur jákvæð. Þetta er t.d. athyglisvert í ljósi þess að stór fyrirtæki á Akureyri sem tóku þátt í framkvæmdunum fóru í þrot í tengslum við þær, þ.e. verktakafyrirtækið Arnarfell og Slippstöðin. Enn koma þau sjónarmið fram á suðursvæði að framkvæmdirnar hafi neikvæð áhrif þar, eða hjá 15% svarenda á móti 10% á áhrifasvæðinu í heild og 8% á Eyjafjarðarsvæðinu.




**Mynd 20.** Hvort telur þú, þegar á heildina er litið, að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? (Tau-c -,185,  $\alpha=0,000$ )

Þegar skoðuð eru svör við spurningunni um *hvort þátttakendur telji að starfræksla álvers í Reyðarfirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þeirra byggðarlagi* þá koma mjög svipaðar niðurstöður í ljós og gagnvart spurningunni að framan um stóriðjuframkvæmdirnar. Einna helst má sjá að á norðursvæði fjölgar þeim milli kannana 2004 og 2007 er telja að starfræksla álversins muni hafa mjög eða frekar jákvæð áhrif í byggðarlaginu. Á suðursvæðinu fjölgar þeim sem telja að rekstur álversins hafi engin áhrif í sínu byggðarlagi og sömuleiðis fækkar sem þeim töldu áhrifin annað hvort jákvæð eða neikvæð.

Þessar breytingar eru þó fremur litlar. Á miðsvæðinu verður lítil breyting á afstöðu þátttakenda í könnunum þremur. Aðeins fækkar þó í hópi þeirra sem telja áhrifin jákvæð en á sama tíma fjölgar milli kannana 2007 og 2008 í hópi þeirra sem telja áhrifin engin í sínu byggðarlagi. Þetta bendir til þess að áhrifin á




miðsvæðinu af starfrækslu álversins séu enn takmarkaðri en sem nemur tveggja tíma akstri frá framkvæmdasvæðinu eins og miðsvæðið var afmarkað í upphafi rannsóknarinnar.



**Mynd 21. Hvort telur þú að starfræksla álvers í Reyðarfirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 of september 2008 ( $\alpha = 0,000$ ).**

Samanburður á milli svæða í könnuninni 2008 sýnir að fólk telur að áhrifin af álverinu séu mjög staðbundin við miðsvæðið þar sem 76% telja að áhrifin verði mjög eða frekar jákvæð, sambærileg tala fyrir norðursvæðið er 35% og því næst kemur Eyjafjarðarsvæðið með 29%. Suðursvæðið er sér á báti hvað varðar það mat 16% svarenda að áhrifin af álverinu muni verði mjög eða frekar neikvæð í þeirra byggðarlagi og má leiða að því líkur að íbúar óttist ruðningsáhrifin.




**Mynd 22.** Hvort telur þú að starfræksla álvers í Reyðarfirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? (Tau-c -,188, 0,000)

## Búsetuþættir


Í könnuninni var spurt um afstöðu þátttakenda til ýmissa þátta sem geta varpað ljósi á búsetuskilyrði á viðkomandi svæðum. Þannig var spurt spurningarinnar: *Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa?* Hér koma fram athyglisverðar breytingar milli kannana 2004, 2007 og 2008. Á áhrifasvæðinu í heild segjast um 41% þátttakenda vera mjög eða frekar ánægðir með þennan þátt árið 2008. Ánægjan er mest á miðsvæðinu, 47%, en heldur hefur slegið á ánægju með þennan þátt frá síðustu könnun, 2007. Þetta bendir til þess að væntingar um fjölbreytni starfa hafi e.t.v. verið heldur miklar á miðsvæðinu. Á suðursvæðinu eykst ánægja með fjölbreytni starfa hægt og bítandi en engar breytingar eru sjáanlegar á norðursvæði þar sem aðeins 30% eru ánægð með þennan þátt.

Þetta bendir til þess að árangur framkvæmdanna að þessu leyti sé minni en búast mátti við af könnuninni 2007. Enn virðist sem svo að svör séu tengd væntingum sem voru afar miklar. Þegar könnunin var gerð 2007 var framleiðsla að hefjast í álverinu en 2008 er komin reynsla á rekstur álversins, búið að ráða starfsmenn og komin reynsla á hvaða afleidd störf verða til í tengslum við rekstur þess.



**Mynd 23. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007.**


Þegar litið er til samanburðarins við önnur svæði á landinu kom í ljós í könnun 2007 að miðsvæði Austurlands var það svæði sem kemst næst áhrifasvæði Reykjavíkur hvað varðar þá sem eru mjög eða frekar ánægðir með fjölbreytni starfa og stóð Eyjafjarðarsvæðinu frammar hvað þennan þátt varðar (Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason, 2007).



**Mynd 24. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa? (Tau-c -,135,  $\alpha=0,000$ )**


Í þessari könnun, haustið 2008 bregður svo við að ánægja með fjölbreytni starfa er meiri á Eyjafjarðarsvæðinu sem kemur ekki á óvart þar sem fjölbreytnin tengist mjög íbúafjölda. Þá kemur í ljós að á miðsvæðinu er mun hærra hlutfall íbúa ánægðir með þennan þátt.

Þegar spurt er um *ánægju eða óánægju með atvinnutekjur svarenda* kemur fram svipuð breyting milli 2004, 2007 og 2008 samanber það sem list var hér að framan um fjölbreytni starfa. Ánægja á miðsvæðinu er talsvert meiri en á suður- og norðursvæðum




**Mynd 25. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**

Þeim sem eru mjög eða frekar ánægðir með atvinnutekjur sínar fjölgaði á miðsvæðinu milli kannana 2004 og 2007 en lítið breyttist frá 2007. Þessum fækkar á norður en hins vegar fjölgar þeim á suðursvæði milli kannana 2007 og 2008 sem eru mjög eða frekar ánægðir. Þegar samanburður er gerður við Eyjafjarðarsvæðið sést að ánægja þar er mun minni en á miðsvæði Austurlands og er það í samræmi við könnun 2007 á landsvisu, að ánægja með þennan þátt var minnst á Eyjafjarðarsvæðinu af öllum landsvæðum ásamt norðursvæðinu. Þetta er í samræmi við úttekt Byggingastofnunar og Hagfræðistofnunar (2008) á hagvexti einstakra landshluta en þar kemur fram að á Norðurlandi eystra var minnstur hagvöxtur allra landshluta tímabilið 2000-2006. Það er nokkurn veginn sama landsvæði og Eyjafjarðarsvæðið og norðursvæðið saman.




**Mynd 26.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar? (Tau-c ,111,  $\alpha= 0,000$ )

Næsta spurning lýtur að svipuðum þáttum, þ.e. spurt var um *ánægju þátttakenda með efnabag fjölskyldunnar*.



**Mynd 27. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahag fjölskyldunnar? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**

Þar má almennt sjá talsverða ánægjuaukningu milli árunna 2004 og 2007, nema á suðursvæðinu, en síðan verða minni breytingar milli árunna 2007 og 2008, nema helst á norðursvæðinu. Ánægjan með þennan þátt helst langmest á miðsvæðinu. Athyglisvert er hvernig norður- og suðursvæðin þróast hvað þennan þátt varðar milli árunna 2007 og 2008, jákvæð þróun á suðursvæði en neikvæðari á norðursvæðinu.




**Mynd 28.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahag fjölskyldunnar? (Tau-c ,045,  $\alpha = 0,000$ )

Lítill munur er á milli Eyjafjarðarsvæðisins og Austurlands hvað þennan þátt varðar en heldur minni er ánægjan þó í Eyjafirði og á aðliggjandi svæði, norðursvæðinu sem rétt er að setja í samhengi við fyrrnefnda úttekt Byggingastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagvexti landshluta (2008).


Næsta spurning er um *ánægju með framboð á heilbrigðisþjónustu* en þar koma fram áberandi sveiflur milli kannana. Áberandi var hve óánægjan var mikil í miðjukönnuninni 2007 enda var á þeim tíma mikil og neikvæð umræða um þessa þjónustu í landshlutanum og er rétt í þessu sambandi að vitna í skýrsluna um þá könnun (Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason, 2007). Ekki þótti nógu miklu fé varið til þjónustunnar miðað við það mikla álag sem verið hafði á hana á framkvæmdatímanum. Vera kann að þetta ástand hafi að einhverju leyti jafnast þegar síðasta könnunin var gerð snemma vetrar 2008. Það endurtekur sig milli kannana að á norðursvæðinu er langmest ánægja með þennan þátt sem gæti stafað af nálægð við Akureyri þar sem þessi þjónusta er afar góð.






**Mynd 29. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á heilbrigðisþjónustu? Breyting milli nóvember 2004 febrúar 2007 og nóvember 2008.**

Þegar Eyjafjarðarsvæðið er tekið með í samanburðinn kemur fram að þar er ánægjan svipuð og á norðursvæðinu. Athyglisvert er að norðursvæðið hefur aðeins betur í þessum samanburði þótt munurinn á milli þess og Eyjafjarðarsvæðisins sé óverulegur.




**Mynd 30.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á heilbrigðisþjónustu? (sp16fx, Tau-c -,130,  $\alpha=0,000$ )

Mynd 31 sýnir einnig neikvæða þróun á miðsvæði milli ára 2004 og 2007, þ.e. nú hvað varðar *félagslíf* á miðsvæðinu en það réttir síðan aðeins úr kútnum 2008. Litlar breytingar verða á norður- og suðursvæði allt tímabilið. Þetta virðast vera meðal þeirra neikvæðu breytinga sem áttu sér stað á megin framkvæmdatímanum á miðsvæðinu. Félagslíf hefur greinilega látið undan síga meðan samfélagið var upptekið af uppbyggingunni.




**Mynd 31. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslífið? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**

Í samanburði svæðanna þriggja og Eyjafjarðarsvæðisins kemur í ljós að miðsvæðið sker sig enn verulega úr árið 2008 þrátt fyrir að megin framkvæmdatíminn sé liðinn og svæðið ætti að vera að komast í ákveðið jafnvægi hvað hluti sem þessa varðar. Áberandi er hve Eyjafjarðarsvæðið sker sig úr miðað við Austurland. Ekki er gott að ráða í ástæður þess en þó er ljóst að fjölbreytni í framboði félagsstarfsemi og skemmtana er mikið á Eyjafjarðarsvæðinu vegna fólksfjöldans þar og hlutverks Akureyrar sem þjónustumiðstöðvar fyrir norðan- og austanvert landið. Ef til vill má lesa úr niðurstöðum sem þessum fyrir miðsvæðið að áhrif á þessu sviði standi ekki undir væntingum.




**Mynd 32. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslífið? (Tau-c, -,197,  $\alpha=0,000$ , N= 502)**

Á næstu mynd má sjá svör við spurningu um *ánægju með framboð á almennri verslun og/ eða þjónustu*. Afar miklar breytingar urði á milli kannana 2004 og 2007 á áhrifasvæðinu. Ánægan minnkaði áberandi á suðursvæðinu en jókst heldur á miðsvæðinu. Þegar könnunin 2007 var gerð hafði verið lokað tveimur verslunum á Höfn (Krónan og 11-11). Þar með var orðið afar langt í næstu lágvöruverslun á Egilsstöðum. Athyglisvert er að í könnuninni haustið 2008 er enginn munur milli svæðanna þriggja.



**Mynd 33. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á almennri verslun/þjónustu? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**


Samanburður við Eyjafjarðarsvæðið leiðir í ljós að þar er ánægjan mun meiri með þennan þátt búsetuskilyrða. Þrír af hverjum fjórum eru mjög eða frekar ánægðir sem er nákvæmlega sama niðurstaða og 2007. Rétt er að minna á að 2007 var ánægjan langmest á áhrifasvæði Reykjavíkur eða 83%. Ekki er gott að átta sig á ástæðum þess að á miðsvæðinu minnkar ánægjan með almenna verslun og þjónustu milli kannana 2007 og 2008.



**Mynd 34.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á almennri verslun/þjónustu? (sp16ex, Tau-c -,191,  $\alpha=0,000$ )


Vera kann að þetta standi í sambandi við væntingar sem voru afar miklar fyrir og í upphafi framkvæmda. Nú þegar langtímaáhrif eru að koma í ljós, kunni að vera að fólki finnst að meira ætti að hafa gerst hvað þessa hluti varðar. Hafa ber hins vegar í huga að framboð og fjölbreytni á þessum þáttum hlýtur alltaf að vera í samræmi við þann fólksfjölda sem er á hverju svæði fyrir sig.

*Persónulegt öryggi* er búsetuþáttur sem ekki virðist taka merkjanlegum breytingum á milli kannana 2004, 2007 og 2008.



**Mynd 35. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með persónulegt öryggi? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**

Engin breyting á sér stað hvað varðar persónulegt öryggi þrátt fyrir að umsvifin á miðsvæðinu hafi verið afar mikil og haft í för með sér umferð ökutækja af öllum stærðum og gerðum gegnum þéttbýlisstaðina sérstaklega Egilsstaði-Fellabæ og Reyðarfjörð, svo og mikinn fjölda starfsmanna sem bjó aðeins tímabundið á framkvæmdasvæðinu. Þetta má teljast nokkuð athyglisverð niðurstaða þegar haft er í huga hlutfallslegt umfang framkvæmdanna miðað við stærð þess samfélags sem þær eiga sér stað í.




**Mynd 36. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með persónulegt öryggi?**

Í könnuninni 2007 kom fram að enginn munur var milli áhrifasvæðisins og annarra landsbyggðarsvæða. Persónulegt öryggi var hins vegar talið minna á áhrifasvæði Reykjavíkur að mati svarenda þar.

Þegar spurt var um *aðgengi að háskólamenntun* snýst myndin við miðað við flest önnur býsetuskilyrði. Óánægja er mest á miðsvæðinu með þennan þátt og helst svipuð allt tímabilið 2004-2008. Á suðursvæðinu vex ánægjan meðal kannana og á norðursvæði eykst ánægjan verulega milli kannana 2007 og 2008.






**Mynd 37. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að háskólamenntun? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**


Á suðursvæðinu tengist ánægja líklega háskólastarfsemi á Höfn sem er allnokkur en þar eru langflestir svarendur suðusvæðisins staðsettir. Á norðursvæðinu fer hins vegar væntanlega að gæta áhrifa af nálægð við Háskólann á Akureyri og betra aðgengis að honum.

Þegar Eyjafjarðarsvæðið er tekið með í samanburðinn kemur í ljós að ánægja með þennan þátt er afar mikil þar og eru það greinileg áhrif Háskólans á Akureyri fyrir svæðið. Í könnuninni á landsvísu 2007 var ánægjan á Eyjafjarðarsvæðinu jafn mikil og nú, mest af öllum landshlutum en þá var hún 73% meðal íbúa á áhrifasvæði Reykjavíkur. Í þeirri könnun var ánægjan minnst á miðsvæðinu af öllum landshlutum. Svipað og í tilviki almennrar verslunar og þjónustu má velja fyrir sér hvort þetta tengist væntingum, þ.e. um að aukinn fjólsfjöldi á svæðinu ætti að gera því kleift að standa undir fjölbreyttari og meiri þjónustu en fólk er að upplifa.




**Mynd 38. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að háskólamenntun?**

Næsta mynd sýnir *ánægju eða óánægju með aðgengi að framhaldsskólamenntun*. Þar kemur í ljós að ánægjan er almennt mikil með framboð þessarar þjónustu. Á norðursvæði hefur ánægjan verið að aukast en litlar breytingar verða á mið- og suðursvæði. Vera kann að breytingar á norðursvæði tengist einnig viðhorfum til þeirra skóla sem eru á svæðinu, þannig tengist þetta ekki aðeins viðhorfum til aðgengis heldur líka gæða.



**Mynd 39. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að framhaldsskólamenntun? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**


Samanburður allra svæðanna í könnuninni 2007 sýndi að enn og aftur er það á stærstu þéttbýlissvæðum landsins sem ánægja er mest og fylgir miðsvæði Austurlands í kjölfarið. Á dreifbýlli svæðunum er minni ánægja. Þetta kemur enn fram í könnun 2008 þar sem ánægja er mikil á Eyjafjarðarsvæðinu en einnig er athyglisverð ánægjan á suðursvæðinu.



**Mynd 40.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að framhaldsskólamenntun? (Tau-c ,101,  $\alpha=0,000$ )

Rétt er að minna á að aðgengi að framhaldsskólamenntun er meðal þeirra búsetuskilyrða sem fólk metur mikils, sjá t.d. Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). Líta má á baráttu tiltekinna landsbyggðarsvæða fyrir framhaldsskóla í þessu sambandi s.s. á norðanverðu Snæfellsnesi og við utanverðan Eyjafjörð.


Næsta spurning varðar *ánægju þátttakenda með umhverfið*. Hér er ekki um neinar sýnilegar breytingar að ræða milli kannana 2004, 2007 og 2008.



**Mynd 41. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með umhverfið? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**


Ekki er að sjá að framkvæmdirnar og sú umhverfisröskun sem þeim fylgir valdi því að íbúarnir sjálfir upplifi breytingu til hins verra. Þetta hlýtur að teljast nokkuð athyglisverð niðurstaða í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað um framkvæmdirnar sem hafa ekki síst verið gagnrýndar vegna óafturkræfra áhrifa á náttúrulegt umhverfi.

Enginn munur er heldur milli Austurlands og Eyjafjarðarsvæðisins í þessari könnun. Rétt er að minna á að í könnun þar sem allt landið var til skoðunar, 2007 var áhrifasvæði Reykjavíkur eina svæðið sem skar sig úr með minni ánægju með umhverfið í byggðarlagi svarenda. Þannig viðist borgarumhverfið höfða minna til svarenda þar en umhverfið til þeirra sem búa þar sem þéttbýlisstig er minna.




**Mynd 42. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með umhverfið? (N=507)**

Því næst var spurt um *ánægju með menningarlífið í byggðarlaginu*. Þegar litið er til allra þriggja kannananna, þá má sjá að ánægja á miðsvæðinu minnkaði aðeins um miðbik tímabilsins en hefur síðan aftur aukist. Ánægjan eykst stöðugt á suðursvæðinu. Þetta er ekki ósvipað niðurstöðu spurningar um félagslífið hér að framan. Ekki er auðvelt að ráða í þróunina á norðursvæðinu en ánægjan var talsvert minni þar í miðjukönnuninni, 2007.




**Mynd 43. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með menningarlífið? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.**

Þegar borið er saman við Eyjafjarðarsvæðið kemur í ljós að þar er niðurstaðan mjög áþekkt suðursvæðinu.



**Mynd 44.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með menningarlífið? (sp16cx, Tau-c -,105,  $\alpha = 0,004$ )


Hvað varðar *ánægju eða óánægju með möguleika til að sinna tólmstundum og ábugamálum* kom í ljós að lítil sem engin breyting verður á áhrifasvæðinu á tímabilinu 2004-2008.





**Mynd 45.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með möguleika til að sinna tómsundum og áhugamálum? Breyting milli nóvember 2004, febrúar 2007 og nóvember 2008.

Samanburðurinn við Eyjafjarðarsvæðið leiðir í ljós að þar er aðeins meiri ánægja með þennan þátt en samt er hér alls ekki um mikinn mun að ræða milli svæða. Á þessu sviði eru litlar breytingar og líklega hafa engar sérstakar væntingar verið bundnar við að svo yrði.



**Mynd 46.** Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með möguleika til að sinna tómsundum og áhugamálum mínum? (sp16dx, Tau-c -,084  $\alpha = 0,000$ )

### **Búsetuþættir, samantekt**

Samandregið eru áhrif á búsetuþættina sem spurt var um hér að ofan þau að ánægja með flesta þætti er meiri á miðsvæðinu en norður- og suðursvæðum. Þetta á sérstaklega við um efnahagslega þætti, s.s. atvinnutekjur efnahag fjölskyldunnar og fjölbreytni starfa. Þó er athyglisvert að frá könnuninni 2007 hefur aðeins slegið á ánægju með þessa þætti á miðsvæðinu. Þá má sjá að á suðursvæðinu er ánægja að aukast frá árinu 2007. Hvað þjónustu varðar þá kom fram minni ánægja með heilbrigðisþjónustu 2007 á mið- og suðursvæðum samanborið við norðursvæðið og önnur svæði á landinu. Í könnun 2008 virðist þetta eitthvað vera að ganga til baka. Athyglisvert er að ánægja með framboð á almennri verslun og þjónustu á miðsvæðinu sem kom fram 2007 virðist eitthvað

vera að ganga til baka í könnun 2008. Ef til vill hafa íbúar gert sér væntingar um meiri breytingar til aukinnar þjónustu en varð. Talsvert ber á óánægju með aðgang að háskólamenntun á miðsvæðinu enda hafa litlar breytingar orðið á því sviði. Ánægja er meiri með þann þátt á suðursvæðinu. Hvað framhaldsskólamenntun varðar er einnig litlu meiri ánægja á suðursvæðinu. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu, félagslíf- og menningarlíf eru svið þar sem vart varð við ákveðna óánægju þegar framkvæmdir höfðu staðið sem hæst eða 2007. Í þessari könnun viðist þetta vera að ganga til baka og nálgast það sem var í könnuninni 2004. Þetta er meðal þess sem er til vitnis um að ýmis svið samfélagsins eru undir minna álagi en var 2007. Þættir þar sem engar breytingar er að sjá varða umhverfismál, persónulegt öryggi og tækifæri til tómstundastarfa og kemur það fyrstnefnda dálítið á óvart þar sem spilling umhverfisins er meðal þess helsta sem framkvæmdirnar hafa verið gagnrýndar fyrir.

Ákveðið var að bera áhrifasvæðið saman við Eyjafjarðarsvæðið í þessari könnun enda er ljóst að vilji stendur til þess að þróa austfirskt samfélag í átt til þess sem gerist á fyrrnefnda svæðinu, því fjölmennasta á landsbyggðinni. Þróun viðhorfa til nokkurra búsetuþátta, s.s. aðgengis að almennri verslun og þjónustu, heilbrigðisþjónustu og háskólamenntun bendir til þess að nokkuð vanti upp á að miðsvæðið nái sambærilegu stigi og í Eyjafirði. Hér er um að ræða þætti sem tengjast mannfjölda á viðkomandi svæði. Þannig geta fjölmennari svæði staðið undir meiri og fjölbreyttari þjónustu en fámennari, samanber „*central place theory*“ og skyldar kenningar sem fjalla um þjónustugetu og áhrifasvæði þjónustustaða af mismunandi stærð, sjá t.d. Johnston (1991). Einnig er líklegt að ákveðnir þjónustuþættir eigi enn eftir að ná að þróast á svæðinu. Miklar væntingar voru til þess að mikil breyting yrði á þáttum af þessu tagi og benda niðurstöður könnunarinnar til að þessar væntingar hafi ekki að öllu leyti verið uppfylltar.

## **Viðhorf til stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi**

Í þessari könnun haustið 2008 var spurt svokallaðrar opinnar spurningar um hvað það væri í þeirra huga sem helst væri jákvætt eða neikvætt við stóriðjuframkvæmdirnar. Höfundar flokkuðu saman svörin í eftirfarandi flokka eftir mikilvægi. Ljóst er að þátttakendur í könnuninni líta framkvæmdirnar mjög mismunandi augum eftir því hvar þeir búa.

**Tafla 1. Jákvæðir þættir vegna stóriðjuframkvæmdanna.**

	Hvað er í þínum huga helst jákvætt við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi? Hlutfall (%) eftir byggðarlögum									
	Atvinna	Byggðasjónarmið	Efnahagur	Fólksfjölgun	Ekkert	Allt	Veit ekki	Jákvætt hugarfar	Mannlíf	Annað
Eyjafjarðarsvæðið	77,8	8,2	5,2	0,3	3,0	0,3	1,4	0,0	1,1	2,7
Norðursvæði	70,7	8,3	8,3	1,5	4,5	0,0	1,5	0,8	2,3	2,3
Miðsvæði	64,8	7,6	7,9	8,2	1,8	0,3	0,3	1,8	3,3	3,9
Suðursvæði	69,4	6,9	4,2	2,8	2,8	1,4	2,8	0,0	2,8	6,9
Austurland í heild	67,2	7,6	7,5	5,8	2,6	0,2	0,9	1,4	2,9	4,0

Þeir jákvæðu þættir sem flestir nefna eru atvinna og byggðasjónarmið, um þessa þætti eru íbúar allra svæðanna í könnuninni sammála. Þriðji mikilvægasti þátturinn hjá íbúum flestra svæðanna í könnuninni er efnahagur. Hvað fjórða mikilvægasta þáttinn á áhrifasvæðinu varðar þá er það einfaldlega fólksfjölgun. Áhersla á þennan þátt er skiljanleg þegar litið er til niðurstaðna könnunarinnar hvað þróun ýmissa búsetuþátta varðar því fjölmennari svæði hafa betri þjónustugetu sem er meðal þess sem íbúar hafa væntingar um. Þá eru jákvæð áhrif á mannlíf nefnd á miðsvæðinu fremur en á öðrum svæðum. Hin hliðin á teningnum, þ.e. þeir sem segja ekkert jákvætt við framkvæmdirnar eru einkum staðsettir á norðursvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu. Það er ekki hátt hlutfall sem svarar á þennan veg en áhugavert engu að síður þegar haft er í huga að mikil barátta hefur staðið á því svæði fyrir byggingu álvers við Húsavík.

Þá voru flokkaðar opnar spurningar um neikvæða þætti vegna stóriðjuframkvæmdanna.

**Tafla 2. Neikvæðir þættir vegna stóriðjuframkvæmdanna.**

Hvað er í þínum huga helst neikvætt við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi? Hlutfall (%) eftir byggðarlögum										
	Umhverfisáhrif	Ekkert	Þensla vegna framkvæmda	Neikvæð áhrif/ líti jakvæð áhrif á jaðarsvæðum	Neikvæð umræða	Veit ekki	Viðhorf til útlandinga	Annað	Vanda-mál v. breyttrar samfélagsgerðar	Framkvæmd/ skipulagi ábótavant
Eyjafjarðarsvæðið	55,3	12,7	7,5	0,3	3,0	5,7	4,5	3,3		3,3
Norðursvæði	46,1	16,5	5,2	1,7	4,3	3,5	4,3	2,6	4,3	4,3
Miðsvæði	35,5	13,2	6,4	4,9	4,5	2,3	3,8	4,5	4,9	1,9
Suðursvæði	34,4	14,1	1,6	18,8	3,1	7,8	3,1	3,1	3,1	1,6
Austurland í heild	38,3	14,5	5,2	6,0	4,3	3,5	3,6	3,8	4,6	2,3

Hvað er í þínum huga helst neikvætt við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi? Hlutfall (%) eftir byggðarlögum									
	Offar í framkvæmdum/jár- festingum	Ruðnings-áhrif	Bætur ekki atvinnuskiðuna	Húsnæðismarkaður	Vinnufyrirkomulag	Togstreita	Fjarlægð frá vinnustað	Samgöngur	Umferð/sýsahætta
Eyjafjarðarsvæðið			2,4	0,3		0,3		1,6	
Norðursvæði	1,7	0,9	1,7	0,9		0,9		0,9	
Miðsvæði	3,0	3,8	1,9	2,6	2,6	2,6	2,6	0,8	1,1
Suðursvæði	3,1			1,6	1,6	1,6	1,6	1,6	1,6
Austurland í heild	2,9	2,3	1,4	2,1	1,7	0,8	1,2	0,8	0,8

Ekki kemur á óvart að það eru umhverfisáhrif sem flestir nefna sem neikvæðan fylgifisk framkvæmdanna. Þetta er aðeins mismunandi milli svæða en eykst eftir því sem norðar dregur. Eyfirðingar og íbúar norðursvæðisins leggja mesta áherslu á þennan þátt eða um helmingur. Athyglisvert að annar stærsti flokkur ummæla um þennan þátt er að ekkert sé neikvætt við framkvæmdirnar, ekki er mikill munur milli svæða eða um 13-13% svara. Þá er minnst á þenslu samhliða framkvæmdum, nema á suðursvæði þar sem afar fáir minnst á þetta. Annað er hins vegar uppi á teningnum þegar minnst er á neikvæð áhrif á jaðarsvæðum sem er á heildina lítið fjórði mikilvægasti flokkurinn í þessari greiningu, sem 6% nefna. Þeir sem hafa áhyggjur af þessum þætti eru þó í mestum mæli á suðursvæðinu, tæp 19% á móti aðeins 5% á norðursvæði, hinu jaðarsvæðinu. Ekki er gott að átta sig á hvers vegna þessi viðhorf eru svona mjög mismunandi á svæðunum tveimur. Tölur um búferlaflutninga sem greindar voru í áfangaskýrslu II í þessari rannsókn (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2008) benda t.d. ekki til þess að búferlaflutningar frá suðursvæðinu séu meiri innan landshluta (miðsvæðið) en til annarra landshluta (höfuðborgarsvæðið og nágrennabyggðir).

Til að sýna hversu fjölbreytta þætti fólk nefnir var ákveðið að birta allmarga og sjá má hve fjölbreytileiki viðhorfanna er mikill.

**Tafla 3. Jákvæðir þættir vegna starfrækslu álvers í Reyðarfirði.**

	Atvinna	Efnahagur	Byggná- sjónarmið	Fólksfjöldun	Veit ekki	Ekki	Allt	Mannlíf	Aukin þjónusta	Jákvætt hugfar	Annað
Eyjafjarðarsvæðið	73,9	8,0	6,0	2,0	5,2	2,4	0,8	0,4		0,4	0,8
Norðursvæði	67,9	4,6	10,2	4,1	2,6	2,6	4,1	2,6		1,0	0,5
Miðsvæði	70,8	7,3	4,0	7,0	2,6	0,8	0,9	1,3	1,7	0,8	2,8
Suðursvæði	71,4	7,6	5,9	2,5	5,9	1,7	0,8	0,8	0,8		2,5
Austurland í heild	70,2	6,7	5,7	5,7	3,1	1,3	1,7	1,5	1,2	0,7	2,2

Þegar þátttakendur voru spurðir opinnar spurningar um það sem í þeirra huga væri helst jákvætt við starfrækslu álversins í Reyðarfirði kom í ljós að flestir nefna atvinnu. Þetta er samsvarandi niðurstaða og í könnun 2007. Þarna er mikið samræmi milli svæða (Tafla 3). Aðrir þættir sem margir nefna eru efnahagur, byggðasjónarmið og fólksfjöldun. Nokkur mismunur virðist milli svæða. Þannig eru byggðasjónarmið áberandi á norðursvæðinu og má e.t.v. hafa í huga að undirbúningur álvers við Húsavík hefur verið í gangi undanfarin ár og barátta heimamanna fyrir því ekki síst háð á grundvelli byggðasjónarmiða. Þá má aftur sá áherslu miðsvæðisins á að þar fjölgi, væntanlega með fylgjandi áhrifum á þjónustu og umsvif á svæðinu.

Aðspurðir um neikvæð áhrif álversins á Reyðarfirði þá kemur það ekki á óvart að flestir nefna umhverfisáhrifin og er talsverður munur milli svæða. Eyfirðingar nefna þetta oftast og þá íbúar á norðursvæði. Þeir sem segja að ekkert sé neikvætt við framkvæmdirnar eru annar stærsti hópurinn og eru þeir flestir á norðursvæði sem svara þessu til eða einn af hverjum fimm, en fæstir í Eyjafirði. Syðst og nyrst á svæðinu sem könnunin náði til var því svarað til af einum af hverjum tíu að lítil eða jafnvel neikvæð áhrif væru merkjanleg á jafarsvæðum svæðisins. Óvissa um áhrif var einnig mest á þessum sömu svæðum. Þá nefndu allmargir þætti eins og ruðningsáhrif, að álverið væri of stór vinnustaður, vandamál vegna breyttrar samfélagsgerðar (miðsvæði), einhæft atvinnulíf og vinnufyrirkomulag. Um þetta síðasta atriði er það að segja að hér sé átt við 12 tíma vaktafyrirkomulag en um það var kosið í stað 8 tíma vaktakerfis skömmu eftir að álverið tók til starfa.


**Tafla 4. Neikvæðir þættir vegna starfrækslu álvers í Reyðarfirði.**

Hvað er í þínum huga helst neikvætt við starfrækslu álvers í Reyðarfirði? Hlutfall (%) eftir byggðarlögum											
	Umhverfisáhrif	Ekkert	Neikvæð áhrif/litil jákvæð áhrif á laðarsvæðum	Veit ekki	Ruðningsáhrif	Of stór vinnustaður	Vandamál v. breyttrar samfélagsgerðar	Viðhorf til útendinga	Ein hæft atvinnulíf	Vinnufyrirkomulag	Neikvæð umræða
Eyjafjarðarsvæðið	46,0	13,8	10,4	8,6	1,8	1,4	0,4	3,4		1,8	1,0
Norðursvæði	43,3	21,1	2,2	5,6	3,3	3,3	2,2	2,2	3,3		2,2
Miðsvæði	38,4	17,1	4,3	5,2	4,3	3,3	4,3	1,4	3,3	4,3	2,8
Suðursvæði	35,1	17,5	8,8	12,3		1,8	3,5	3,5	1,8		1,8
Austurland í heild	39,7	18,6	4,4	6,3	3,4	3,2	3,4	2,1	3,1	2,4	2,4

Hvað er í þínum huga helst neikvætt við starfrækslu álvers í Reyðarfirði?								
	Þensla vegna framkvæmda	Bætur ekki atvinnustöðuna	Fjarlægð frá vinnustað	Togstreita	Samgöngur	Allt	Húsnæðismarkaður	Annað
Eyjafjarðarsvæðið	2,8	2,4		0,4		1,0		4,8
Norðursvæði	3,3	1,1	1,1	2,2		1,1		2,2
Miðsvæði	0,9	0,5	1,4	0,5	1,4	0,5	1,4	4,7
Suðursvæði	1,8	1,8	3,5	1,8				5,3
Austurland í heild	1,6	0,5	1,5	1,0	1,0	0,5	0,8	4,1


## Íbúapróun og fasteignaverð

Í könnunum frá 2004 var spurt spurningarinnar: *Hvort telur þú að íbúafjöldi í þínu byggðarlagi muni aukast, standa í stað eða dragast saman fram til ársins 2010 frá því sem nú er?* Í þessari síðustu könnun, þegar álverið er komið í rekstur og framkvæmdir að mestu búnar, er athyglisvert að skoða hvort íbúar telji að enn muni fjölga á áhrifasvæðinu og undirvæðum þess.



**Mynd 47. Hvort telur þú að íbúafjöldi í þínu byggðarlagi muni aukast, standa í stað eða dragast saman fram til ársins 2010 frá því sem nú er? (Tau-c ,115  $\alpha = 0,000$ )**

Niðurstaðan kemur ekki á óvart, á miðsvæðinu telja um 40% íbúa að muni fjölga nokkuð og svipaða niðurstöðu má sjá í Eyjafirði. Hins vegar er framtíðarsýn íbúa á norður- og suðursvæðum önnur. Þá telja flestir að fjöldinn muni annað hvort standa í stað eða dragast nokkuð saman.



**Mynd 48.** Hvort telur þú að verð á íbúðarhúsnæði í þínu byggðarlagi muni hækka, standa í stað eða lækka fram til ársins 2010 frá því sem nú er? (Tau-c -,06  $\alpha$  = 0,005)

Nú var þessi könnun gerð á erfiðum tíma í íslensku samfélagi vegna efnahagshrunsins í október 2008 og spurningar er varða efnahagslega þætti s.s. verð á íbúðarhúsnæði afar erfiðar viðfangs. Samt sem áður ætti að vera hægt að bera saman einstök svæði. Myndin hér að ofan ber með sér að stærstur hluti svarenda er á því að verð muni annað hvort standa í stað eða það breytast lítið til lækkunar eða hækkunar. Fleiri eru þó á því að lækkun muni eiga sér stað. Merkjja má eftir svæðum að það sé einkum á mið- og Eyjafjarðarsvæði sem svarendur eigi von á lækkun, enda var verð búið að hækka verulega á þessum svæðum í húsnæðisbólunni sem magnaðist upp á tímabilinu 2004-2008 eftir að bankarnir fóru inn á húsnæðislánamarkaðinn.





## HEIMILDIR

- Byggðarannsóknastofnun Íslands (2004). Rannsókn á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi. Verkáætlun 2004-2009. Unnið í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun.
- Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Akureyri og Reykjavík: Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun.
- Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2008). *Hagvöxtur landshluta 2000-2006*. Sauðárkrúkur: Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason (2007). *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi: Úrtakskönnun meðal almennings vorið 2007. Rannsóknarit nr. 4*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun.
- Hjalti Jóhannesson, Auður Magnús Leiknisdóttir, Enok Jóhannsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Tryggvi Hallgrímsson, et al. (2008). *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á austurlandi. rannsóknarit nr. 5: Áfangaskýrsla II – stöðulýsing í árslok 2007*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun.
